

# SAMSTARFSVERKEFNI LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

## YFIRLIT

*Júní 2009*

*Listaháskólinn leggur áherslu á að efla samvinnu við aðra háskóla í landinu, auk þess sem samstarf við fyrirtæki, atvinnulíf og aðrar stofnanir samfélagsins hefur verið að ryðja sér til rúms á síðustu misserum. Í þessu yfirliti má sjá samantekt yfir helstu samstarfsverkefni skólans, en listinn er ekki tæmandi.*

---

## *Verkefni með lista- og menningarstofnunum*

---

**Fræðsludeild Þjóðleikhússins** | Árlega hafa leiklistardeild og fræðsludeild Þjóðleikhússins staðið fyrir örleikritakeppni framhaldsskólanna. Nokkrir nemendur af framhaldsstiginu hafa með þessu móti kynnst starfsemi skólans og síðan sótt þar nám.

**Gallerí Suðsuðvestur** | Samstarf um nemendasýningu (myndlistardeild). Námskeið um samtímamyndlist, viðfangsefnið er Suðurnesin og myndlistarsýning í Suðsuðvestur. Suðsuðvestur er sýningarstaður og vettvangur fyrir myndlistafólk sem vinnur að listsköpun á rannsakandi hátt. Listamenn útfæra hugmyndir sínar í mismunandi miðla og vekja upp spurningar og umhugsun um samtímann. Suðurnesin sett undir smásjá.

**Íslenski dansflokkurinn** | Samstarf dansbrautar og flokksins um ýmis verkefni, s.s. dansvideó. Einnig samstarf um þjálfun dansnemenda. Skólinn og dansflokkurinn samnýta kennara og þjálfara.

**Leiklistardeild RÚV** | Samstarf í formi flutnings á leiknu efni fyrir útvarp auk gerð útvarpsefnis.

**Listasafn Reykjavíkur** | Samstarf um útskriftarsýningu myndlistardeildar og hönnunar- og arkitektúrdeildar.

**Norræna húsið** | Samstarf um japönsku menningarhátíðina *101 Tokyo* (myndlistardeild), sumarið 2009. Nemendur fá tækifæri til að sækja þrykknámskeið og mynda tengslanet við japanska listháskóla.

**Nýlistasafnið** | Samstarf um námskeiðið "Varðveisla" (námsbraut í grafískri hönnun). Markmið samstarfsins er að fá nemendur í grafískri hönnun til að átta sig á mikilvægi heimilda og varðveislu verka og gagna um feril listamanna/hönnuða. Nemendur fá innsýn í skrásetningarvenjur og grunnatriði varðandi uppsetningu sýningar, en þeir vinna í húsakynnum safnsins og rýna í safnmuni þess meðan á námskeiðinu stendur.

**Sinfóníuhljómsveit Íslands** | Samstarf um sólistakeppnina *Ungir Einleikarar* (tónlistardeild). Markmið keppinnar er að þjálfa nemendur í að undirbúa sig fyrir þátttöku í keppnum, þrúspilum og öðru sem tengist atvinnu hljóðfæraleikara og söngvara. Auk þess er markmiðið að veita langt komnum nemendum tækifæri til að koma fram á opinberum tónleikum með sinfóníuhljómsveit.

***Þjóðlagasetrið á Siglufirði*** | Samstarf um að kynna fyrir nemendum þjóðlagaarf Íslendinga, og aðferðir við að varðveita hann og skrásetja (tónlistardeild).

***Þjóðleikhúsið, Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar og Íslenski dansflokkurinn*** | Samstarfið við þessar stofnanir er margþætt en stærsti þátturinn hefur verið samvinna um lokasýningu í nemendaleikhúsi. Þessar sýningar hafa fært nemendur og fagmenn nær hverjum öðrum og þekking sú sem þarna hefur miðlast verið ómetanleg. Einnig hefur þessi samvinna skapað atvinnu fyrir fagmenn: leikara, leikstjóra, búninga-, sviðs-, ljósa- og hljóðhönnuði svo eitthvað sé nefnt (leiklistardeild).

***Þjóðminjasafnið*** | Samstarf um námskeiðið "Íslensk menning er sérstakur hljómur". Nemendur rýna í menningararfinn með það að markmiði að leita að hinum sérstaka "hljómi" íslenskrar menningar (námsbraut í vörühönnun).

***Þjóðminjasafnið og Heimilisiðnaðarfélagið*** | Samstarf um íslenskar *sjónabækur* (námsbraut í grafískri hönnun). Nemendur í grafískri hönnun vinna að rannsókn um íslensku *sjónabækurnar* og þeim mikla myndmálsarfi sem þær hafa að geyma. Íslensku *sjónabækurnar* eru teiknaðar upp og síðan gefnar út eftir, ásamt með rafrænni skráningu munstra og mynda.

---

## *Verkefni með lista- og menningarhátíðum*

---

***LÓKAL*** | Alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík. Nemendur í leiklist fá innsýn í heim alþjóðlegra sviðslista með framlagi sínu til hátíðarinnar. Nemendurnir starfa við hátíðina við framleiðslu, baksviðsvinnu, uppsetningu, kynningarmál, o.s. frv. Einnig hafa kennarar skólans aðkomu að hátíðinni með skrifum, stjórnun umræðna, o.s.frv. Á sama hátt hafa nemendur í leiklist og dansi komið að danshátíðinni ***Reykjavík Dance Festival***.

***Raflost*** | Alþjóðleg raflistahátíð haldin árlega af Raflistafélagi Íslands í samvinnu við Listaháskólann og erlenda listaháskóla. Nemendur taka þátt í verkefnum og hljómleikum.

***Við Djúpið*** | Tónlistarhátíð og sumarnámskeið á Ísafirði. Markmið með þessu samstarfi er að gefa nemendum í tónlist kost á að sækja sumarnámskeið með alþjóðlegum viðmiðum á Íslandi. Hátíðin/námskeiðið er sett inn í kennsluskrá sem valnámskeið og nemendur fá háskólaeiningar fyrir.

*Þjóðlagabátidín á Siglufirði* | Nemendur í tónlist, sem sérstaklega óska eftir að fá að taka þátt með hljóðfæra- eða söngflutnngi eða semja og útsetja tónlist geta óskað eftir að fá framlag sitt metið til eininga. Markmiðið er að efla skilning á þjóðlögum og þjóðlagahefð okkar og nágrannalanda okkar.

---

## *Verkefni með Reykjavíkurborg*

---

*Borgarskipulag* | Nemendur í arkitektúr vinna ýmis rannsóknarverkefni þar sem viðfangsefnin miðast við byggð og mannlíf við götur í Reykjavík (Hverfisgatan, Frakkastígur og Ægisgata). Nemendur greina borgarmynstur, ryþma og einkenni, og þróa jafnframt tillögur að byggð sem fylgja þeim lögmálum sem gilda í viðkomandi borgarrými. Þannig opnast skilningur þeirra á helstu hugmyndum og hugtökum varðandi borgarrými og samspil þess við mannlífið. Verkefnið er kynnt fyrir starfsfólki og stjórnendum Borgarskipulags.

*LAB, klasasamstarf um landslag, arkitektúr og borgarmyndun* | [í undirbúningi]

---

## *Verkefni með bæjarfélögum úti á landi*

---

*Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Hönnunarmiðstöð Íslands* | Hönnunarsamkeppni á vestfirsku lopapeysumunstri hjá nemendum í fatahönnun við Listaháskóla Íslands vorið 2009. Samkeppnin er samstarfsverkefni Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Listaháskóla Íslands og Hönnunarmiðstöðvar Íslands og er styrkt af *Vaxtarsamningi Vestfjarða* og *Ístex*. Markmiðið með keppninni er að hanna mynstur fyrir sérvestfirskar lopapeysur sem öllu þjónafólki og handverksfélögum sem selja lopapeysur til innlendra og erlendra ferðamanna stendur svo til boða.

*Höfn í Hornafirði* | Hönnunar- og arkitektúrdeild á í samstarfi við *Nýsköpunarmiðstöð Íslands* á Höfn í Hornafirði í tengslum við verkefnið 'Economusée' sem felur í sér uppbyggingu og hönnun lítilla staðbundinna framleiðslufyrirtækja sem tengjast menningartengdri ferðamennsku. Auk þessa er verið að teikna upp hönnunarnámskeið í nánu samráði og samstarfi við *Sveitarfélagið Hornafjörð* sem tengjast fyrirhuguðu meistaranámi í hönnun við skólann. Viðræðurnar eru á frumstigi. Jafnframt er skipulagt námskeið í uppmælingu húsa á Höfn í nánu samstarfi við sveitarfélagið og Arkitektaskólann í Árósum.

*Lókal, alþjóðleg sviðslistamiðstöð á Akranesi* | [í undirbúningi] Í bígerð er að leiklistarhátíðin Lókal komi að og reki alþjóðlega sviðslistamiðstöð á Akranesi sem þjóni þeim megin tilgangi að kynna vinnubrögð sviðslistanna í sem víðustum skilningi. Á Akranesi munu dvelja erlendir og innlendir

listamenn til lengri og skemmri tíma, vinna þar að hugðarefnum sínum og miðla þekkingu og listsköpun til samfélagsins. Listaháskólinn hefur gefið út viljayfirlýsingu vegna fyrirhugaðs samstarfs við Lókal og stuðla þannig að enn frekari tengslum við landsbyggðina og umheiminn. Samvinnan fælist í samnýtingu á listamönnum/kennurum, húsnæði og hugviti.

**Ísafjarðarbær** | Tónlistardeild á í góðu og víðtæku samstarfi við bæinn, en hann er "external partner" deildarinnar í sam-evrópska verkefninu *European Joint Music Masters in Innovative Practice and Audience Development*. Samstarfið felst fyrst og fremst í að halda námskeið innan vébanda bæjarins og að bærinn leggi til alla þá aðstöðu sem hann hefur yfir að ráða. Á móti er ætlast til að vera íslenskra og útlenda listamanna um lengri eða skemmri tíma muni hafa jákvæð áhrif á bæinn og skila einhverju til samfélagsins. *Tónlistarskóli Ísafjarðar* er aðal tengiliður, en auk þess er *Háskólasetrið* mikilvægur samstarfsaðili. Tónlistardeild á sömuleiðis í samstarfi við *Tónlistarskóla Ísafjarðar* um samþættingar- og kynningarnámskeið fyrsta árs nemenda deildarinnar. Markmið með námskeiðinu er að nemendur, sem koma úr mjög mismunandi umhverfi með ólíkan bakgrunn, kynnist samnemendum annara brauta deildarinnar og læri að þekkja styrki og veikleika hvers annars m.a. með námskeiði í skapandi tónlistarmiðlun. Nemendur njóta gestrisni og náttúrufegurðar, og halda opinbera tónleika, oft með þátttöku ísfrískra grunn- og/eða tónlistarskólanemenda í lok námskeiðsins.

**Seyðisfjörður** | Samstarfsverkefni myndlistardeildar um rekstur vinnustofu-námskeiðs við menningarmiðstöðina Skaftfell og Dieter Roth akademíuna. Á Seyðisfirði erum margs konar smiðjur og verkstæði sem nýtast við kennsluna, s.s. skipasmíðastöð, járnsmiðja, trésmiðja, prentsmiðja, neta- og seglagerð, sýningarsalir og pakkhúspláss. Lögð er áhersla á að nemendur geti nýtt sér þær sérstæðu aðstæður sem bærinn og umhverfi hans býður upp á. Vinnustofu-námsekiðum lýkur með sýningu í menningarmiðstöðinni Skaftelli. Auk þess er í undirbúningi að stofna *alþjóðlega vinnustofu* á Seyðisfirði með þremur erlendum listaháskólum, þ.e. listaháskólunum í Kaupmannahöfn, Osló og í Hamborg.

**Skálholt og Skálholtsskóli** | Tónlistardeild á í samstarfi með námskeið í skapandi tónlistarmiðlun. Hugmyndir eru á borðinu um að auka samstarfið við Skálholtsstað í tengslum við hátíðina *Sumartónleikar í Skálholti*.

**Vatnavinir** | Vatnavinir eru alþjóðlegur hópur fagmanna úr ýmsum greinum sem tengjast þróun og uppbyggingu heilsustöðva og tengdrar ferðaþjónustu. Verkefni Vatnavina um Heilsulandið Ísland stuðlar að sjálfbærri uppbyggingu og atvinnusköpun á landsvísu með eflingu heilsutengdrar ferðaþjónustu í nánum tengslum við jarðvarma og náttúru landsins. Markmið verkefnisins er að stuðla að uppbyggingu nýrra heilsulinda um landið jafnt sem endurbótum á eldri laugum og baðstöðum víðsvegar er skapa fjölbreytta möguleika fyrir gesti, innlenda sem erlenda. Nú þegar hefur verið stofnað til klasasamtarfs Vatnavina á Vestfjörðum, aðstandenda náttúrulauga, sveitarfélaga, Markaðskrifstofu Vestfjarða og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða um að Vestfirðir verði í farabroddi á landsvísu hvað varðar verkefnið Heilsulandið Ísland. Verkefnið er unnið undir stjórn fagstjóra Listaháskólans í arkitektúr, og tengist kennslu og verkefnum nemenda.

---

## *Verkefni með öðrum íslenskum háskólum*

---

**Hugmyndabús háskólanna** | er samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Hugmyndin á bak við verkefnið er að leiða saman ólíka einstaklinga úr öllum atvinnugreinum, til dæmis verslun, þjónustu, framleiðslu, listum og fjármálum og veita þeim tækifæri til að skapa sér ný tækifæri. Heildarmarkmiðið er að skapa störf fyrir framtíðina. Hugmyndahúsið hefur aðsetur sitt í gömlu verslunarhúsnæði úti á Granda og hefur undirbúningur þess staðið yfir í þó nokkurn tíma. Kaffihús er einnig starfrækt í húsinu.

**Iminnovation.org** | er opinn vefur og vettvangur fyrir fólk með hugmyndir og vill þróa samstarf ólíkra aðila í kringum þær. Vefnum er ætlað að styðja við þetta fólk og hjálpa því að finna og leita að samstarfsaðilum til að þróa og virkja hugmyndirnar, og gefa þeim tækifæri til að koma þeim í þróun og framkvæmd. Vefurinn er sprottinn upp úr verkefni sem var í námskeiðinu *Markaður og form* og er samstarfsverkefni HR og LHÍ. Vefurinn er kominn í gagnið.

**Markaður og form** | er samstarfsnámskeið Listaháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Nemendum í markaðsfræði HR og hönnunar- og arkitektúrdeildar Listaháskólans er att saman í að skilgreina sérstöðu íslenskrar hönnunar, finna rætur hennar og benda á leiðir til að upphefja hana, og búa til virðisauka. Hönnun hefur verið virkt afl í útrás íslenskra fyrirtækjaþ Örar breytingar í framsetningu, þróun og framleiðslu íslenskra fyrirtækja kalla á víðsýna og gagnrýna hönnun.

**Prisma** | er nýtt diplómanám sem Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst hafa skipulagt í samvinnu við Reykjavíkur Akademíuna. Námið er metið til eininga á háskólastigi og nýtist sérstaklega þeim einstaklingum sem vilja horfa gagnrýnum og uppbyggilegum augum á samtímann, efla færni sína í að starfa á fleiri sviðum en áður og styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Að kennslu koma yfir 50 sérfræðingar víðs vegar að úr samfélaginu.

**Samstarf hönnunar- og arkitektúrdeildar og verkfræðisviðs HÍ** | Nemendur í arkitektúr við Listaháskólann og nemendur í burðarþolsverkfræði við HÍ vinna verkefni sem tengjast byggingatekni og burðarþoli. Um er að ræða fræðikúrs þar sem nemendur í arkitektúr vinna hönnunarverkefni með séráherslu á samspil fagurfræði og burðarþols.

**Samstarf hönnunar- og arkitektúrdeildar og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri** | Nemendur á öðru ári í arkitektúr við Listaháskólann og nemendur á landslagsskipulagsbraut LBHÍ vinna að innsetningarverkefni við Hreppslaug í Borgarfirði.

**Samstarf myndlistardeildar og hugvísindasviðs HÍ** | Um er að ræða samstarf milli skólanna um kennslu í listfræði, alls 48 ECTS einingar. Með þessu einstaka samstarfi styrkjast stóðir beggja skóla með því að geta boðið upp á mikla breidd í námsvali, fyrir utan að skapa sameiginlegan vettvang fyrir listfræðinemendur annarsvegar og listnemendur hinsvegar. Einnig á myndlistardeild í samstarfi við HÍ um sýningarverkefni, þar sem unnar eru sýningar fyrir *Gallerí Kubb* og gefið út efni um íslenska myndlistarmenn.

**Samstarf tónlistardeildar og hugvísindadeildar HÍ** | Kennsla í íslenskum þjóðlögum. Markmið með námskeiðinu er að kanna mismunandi flokka íslenskra þjóðlaga, skoða bragarhætti kvæðanna, athuga leiðir til að útsetja þjóðlögin, vinna með grunnheimildir og kanna þróun íslenskrar þjóðlagatónlistar í gegn um munnlega hefð.

---

## *Samfélagsleg verkefni*

---

**Design Innovation for Gender Equality** | Rannsóknarverkefni í samstarfi við hönnunardeild Kunsthøgskolen i Oslo (KHiO) og rannsóknarstofu í kynjafræði við HÍ þar sem rannsakað verður samspil hönnunar og jafnréttis. Jafnframt kannað hvernig hönnun tengist umræðunni um jafnrétti og hver eru áhrif hönnunar í upplifun okkar á jafnrétti.

**Fangelsið Litla Hraun** | Kennarar og nemendur tónlistardeildar vinna að skapandi tónlistarmiðlun með fögum Litla Hrauns. Verkefnið er vikulangt og lýkur með tónleikum þar sem flutt eru verk sem fangarnir hafa samið og unnið undir handleiðslu og í samstarfi við nemendur Listaháskólans. Markmiðið er að gefa fögum tækifæri á vinna skapandi vinnu og efla þannig sjálfstraust þeirra og gæði vistarinnar, auk þess að þjálfa nemendur skólans í leiðtogahlutverki og skapandi vinnu fyrir samfélagið. Námskeið af sviðuðum toga hafa verið haldin reglulega með ýmsum öldrunarbeimilum og *Öskjuhlíðarskóla*, en ekki hefur verið um formlegt samstaf að ræða.

---

## *Samstarf um rannsóknir*

---

**Gjörningaannál** | Samstarfsverkefni með Nýlistasafninu, þar sem nemendur myndlistardeildar rannsaka og skrásetja sögu gjörningalistar á Íslandi. Einnig er í bígerð samstarf deildarinnar við safnið um ráðstefnu undir yfirskriftinni *Íslenska aðferðin*, um sýningarrými og verkefni sem rekin eru af listamönnum sjálfum.

**ISdesign** | Samstarf StudioBility og DesignGroupItalia við LHÍ, HÍ og ýmsi fyrirtæki. *ISdesign* er nýtt vörumerki sem miðar að því að skapa nýstárlegrar tengingar milli hönnuða, framleiðslufyrirtækja, háskóla og markaðsfólks. Markmið *ISdesign* er að stuðla að heildstæðri nýsköpun, vöruþróun og markaðssetningu á íslenskri hönnun, með það að leiðarljósi að renna sterkum stöðum undir verðmætasköpun í íslenskum hönnunariðnaði. Verkefnið er styrkt af Tækniþróunarsjóði.

**Matur og sjálfbær ferðaþjónusta** | Samstarfsverkefni Matís ohf., Þróunarfélags Austurlands, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Rannsóknastofu í næringarfræði, Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, Háskólaseturs HÍ á Hornafirði, SSV – þróun og ráðgjöf, Landbúnaðarháskóla Íslands, sagnfræðideild HÍ og hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskólans. Verkefnið er styrkt af Öndvegisstyrkjaáætlun Tækniþróunarsjóðs.

**New European Identities in Design (NEiD)** | Samstarfsverkefni hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ, listaháskólanna í Tallinn í Eistlandi, Helsinki í Finnlandi og Eindhoven í Hollandi þar sem rannsakandi er þjóðararfur í textíl og klæðnaði sem tengist skírn, brúðkaupi og jarðaförum. Nemendur í textíl og fatahönnun allra skóla koma að verkefninu. Verkefnið er styrkt af Menntaáætlun Evrópusambandsins.

**Stefnumót hönnuða og bænda** | Verkefnið er samstarfsverkefni hönnunarnema Listaháskólans og bænda í heimaframleiðslu, í nánú samstarfi við Matís og fjölmargra sérfræðinga og ráðgjafa í matvælaframleiðslu. Verkefnið er frumkvöðlaverkefni í þágu atvinnulífsins þar sem tvær starfstéttir eru leiddar saman til að skapa einstakar afurðir. Verkefnið er styrkt af Tækniþróunarsjóði og Framleiðnisjóði landbúnaðarins.

**Upplifun og lífsgæði á mörkum byggða og óbyggða** | [í undirbúningi] Samstarf fjölmargra háskólastofnana, fyrirtækja, sveitarfélaga og sjálfstæðra listamanna. Meginmarkmið verkefnisins er að kanna hvernig samspil lista og náttúru skapar verðmætar upplifanir og lífsgæði í samfélagi á mörkum byggða og óbyggða. Listafólk, fræðimenn, háskólar, stofnanir og fyrirtæki mynda samstarfsnet um rannsóknir, menntun, listsköpun og frumkvöðlastarf.

**Öndvegissetur í jafnréttis- og margbreytileikarannsóknum** | Rannsóknir setursins hvíla á þremur megin stöðum: 1) Saga, samfélag, menning; 2) Atvinnulíf og auðlindir; 3) Alþjóðasamskipti og þróunarsamvinna. Hönnunar- og arkitektúrdeild er samstarfsaðili HÍ og fjölmargra annarra stofnana og fyrirtækja. Verkefnið er styrkt af Markáætlun Rannís.

**Öndvegissetur í samtímaleiklist** | [í undirbúningi] Samstarfsnet Listaháskólans, Leikfélags Reykjavíkur með sterka tengingu við íslenskt fræða- og listsamfélag. Setrinu er ætlað að vera vettvangur frjórrar og þverfaglegrar umræðu, útgáfustarfssemi, vettvangur listrænna- og fræðilegra rannsókna, innflutnings á úrvals listviðburðum og útflutnings á íslenskri samtímaleiklist og hugviti á sviðum lista.

---

## *Samstarf með fyrirtækjum*

---

**105 ® - Sjálfspurftarbúskapur** | Vöruhönnunarbraut í samstarfi við fyrirtæki í póstnúmeri 105 reykjavík. Nemendur þróa hugmyndir að vörum sem bæði verður hægt að framleiða og selja í samstarfi fyrirtækja sem starfandi eru á takmörkuðu svæði, í póstnúmeri 105 í Reykjavík. Markmiðið er að móta heildarímynd utan um ólíkar vörur, nokkurskonar "branding", 105®.

**Betri borgarbragur** | Samstarf Listaháskólans við Nýsköpunarmiðstöð og fjölmargar arkitektastofur. Markmið verkefnisins er að móta leiðir til að hafa áhrif á skipulagsmál til framtíðar, skilgreina verkfæri til að bæta byggt umhverfi og stuðla að vistvænni og sjálfbærri byggð. Verkefnið er styrkt af Tækniþróunarsjóði.

**Iceland water** | Hönnunarsamkeppni um útlit vatnsflösku.

**Kvikmyndaframleiðslufyrirtæki** | Samstarf leiklistardeildar við ýmis kvikmyndaframleiðslufyrirtæki, s.s Saga Film og Pegasus við gerð kvikmyndaverkefna.

**Steinsmiðja S. Helgasonar** | Samstarf myndlistardeildar og Tækniskólans við fyrirtækið um námskeið í steinsmiði.

---

## *Rannsóknarverkefni nemenda*

*Verkefnin eru öll styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2009*

---

**Barnabókin Loðmar** | Unnið af 2 nemendum í vöruhönnun og 1 í grafískri hönnun, í samstarfi við grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið er einnig styrkt af Bókmenntasjóði. Í verkefninu er ný barnabók samin með nýstárlegum hætti, í því markmiði að endurvekja orð sem ekki eru börnum á grunnskólaaldri töm eða tilheyrja einungis eldri kynslóðum. Lykilhlutverk skipa myndskreytingar og listræn útfærsla.

**Endurnýting á Íslandi, skapandi endurnýtingarstöð** | Unnið af 1 myndlistarnema í samstarfi við ýmis fyrirtæki í iðnaði og framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið er einnig styrkt af Evrópu unga fólksins. Markmið verkefnisins er að rannsaka möguleika á endurnýtingu til listsköpunar á Íslandi.

*Félagsleg rými* | Unnið af 2 nemendum í arkitektúr í samstarfi við framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar. Verkefnið miðar að því að rannsaka og hanna tillögur að endurbótum á leiksvæðum í vesturbæ, miðbæ og austurbæ Reykjavíkurborgar.

*Samstarf hönnuða og bænda* | Unnið af 4 nemendum í vörühönnun, í samstarfi við bændur í heimaframleiðslu. Verkefnið er einnig styrkt af Atvinnumálum kvenna. Verkefnið er útfært með sama hætti og verkefnið “Stefnumót hönnuða og bænda”.

*Drívíddarlíkan af Reykjavíkurborg* | Verkefnið er unnið af þremur nemendum í arkitektúr í samstarfi við Borgarskipulag og Árbæjarsafn. Verkefnið miðlar nýrri þekkingu á sviði arkitektúrs, borgarskipulags og sögu Reykjavíkur og hefur möguleika á að verða mikilvægt verkfæri í rannsóknum á byggðamynstri í miðbæ Reykjavíkur.